

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík 26. apríl 2016  
UST201604-007/B.S.  
10.04.03


### Efni: Breytingar á deiliskipulag - virkjun – Helliheiði. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á deiliskipulagi Helliheiðarvirkjunar sem felast m.a. í fjölgun lagna á stuttum köflum á núverandi lagnaleiðum við Skarðsmýrarfjall, Hamragil og meðfram aflögðum kafla Hringvegur 1 sem stefnir að Lambafellshnúk. Ýmis minniháttar mannvirki eru einnig sett inn á deiliskipulagsuppdrátt og gönguleiðir eru settar á deiliskipulag í samræmi við gildandi aðalskipulag. Hér erum að ræða mannvirki sem eru ýmist viðbót við núverandi mannvirki eða á svæðum sem þegar hefur verið raskað.

Umhverfisstofnun telur að breytingar á deiliskipulagi virkjunarinnar vegna fjölgunar lagna muni auka sjónræn áhrif mannvirkja á afmörkuðum svæðum. Aðrar breytingar s.s. samræming gönguleiða munu að mati Umhverfisstofnunar hafa óveruleg áhrif.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur